

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um losun gróðurhúsalofttegunda.

Frá Ásmundi Friðrikssyni.

1. Hve mikil væri losun gróðurhúsalofttegunda (kg CO₂-ígildi) á þessu ári ef notast væri við bruna jarðefnaeldsneytis:
 - a. til húshitunar á Íslandi,
 - b. við framleiðslu raforku vegna orkuframleiðslu til stóriðju á Íslandi?
2. Hvernig væri losun skv. a- og b-lið 1. tölul. til samanburðar við núverandi losun sem fellur undir skuldbindingar Íslands ef notast væri við bruna jarðefnaeldsneytis?
3. Hefur verið tekið tillit til þess í alþjóðlegum samningum og yfirlýsingum sem Ísland hefur átt aðild að, svo sem Kyoto-bókuninni og Parísarsáttmálanum, að Ísland hafi nánast lokið við að færa húshitun og raforkuframleiðslu yfir í endurnýjanlega orku fyrir árið 1990?
4. Af hverjum eru losunarheimildir keyptar, en Umhverfisstofnun álitur að Ísland þurfi að kaupa heimildir fyrir sem nemur fjórum milljónum CO₂-ígildistonna þar sem ekki hefur tekist að standa við skuldbindingar Kyoto-bókunarinnar? Hvernig er verðlagi slíkra heimilda háttað?
5. Hafa önnur ríki Parísarsáttmálans sem ekki hafa staðið við skuldbindingar sínar einnig keypt sér losunarheimildir?

Skriflegt svar óskast.